


34. tbl.  
6. sept. 2023  
30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## Tónasmíðjan

Tónleikasýningin  
**Aðeins eitt líf**  
rokkum gegn sjálfsvígum

Í tilefni af  
Alþjóðlegum degi  
sjálfsvígsforvarna

Fram koma einsöngvarar,  
bakraddahópur og hljómsveit,  
ásamt heiðursgesti.

Heiðursgestur okkar  
er hinn landsþekkti  
tónlistarmaður og söngvari  
Pálmi Gunnarson.

Þessi glæsilega tónleikasýning  
verður haldin  
í Húsavíkukirkju  
sunnudaginn 10. september n.k.  
klukkan 17:00.



ALLIR velkomnir og kostar aðeins 3.500 krónur inn.

## Ágætu íbúar Þingeyjarsveitar.



ó-  
um

Nú haustar að, skólar hafnir og starfsfólk komið til vinnu eftir sumarfrí. Framundan er annasamur vetur með fjölmörgum og líkum verkefnum sem starfsfólk sveitarfélagsins leggur sig fram að leysa af fagmennsku og metnaði.

Nú hefur verið ráðið í tvær af þremur stöðum sviðsstjóra samkvæmt nýju stjórnskipulagi sem samþykkt var fyrr á árinu, en það byggði á tillögum starfshóps um stjórnskipulag sem skipaður var af sveitarstjórn sl. vor.

Ingimar Ingimarsson var ráðin í starf sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og hefur hann störf 15. september og Margrét Hólm Valsdóttir hefur verið ráðin í starf sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og hefur störf í vetrarbyrjun. Með þessum ráðningum eru stöðugildi á skrifstofu Þingeyjarsveitar 10,5 en fyrir sameiningu voru þau 11,95.

Mönnun skólanna hefur gengið þokkalega. Ánægjulegt er að segja frá því að allar kennarastöður eru vel mannaðar utan þess að enn vantar tónlistarkennara í hlutastarf í Reykjahlíðarskóla. Ekki hefur náðst að ráða í allar aðrar stöður í skólunum. Leikskólinn Tjarnarskjól leitar að starfsmanni í tímabundna afleysingu og Leikskólanum Barnaborg vantar enn starfsmann eða leikskólakennara til starfa. Auk þess vantar matráð í Krílabæ.

Búið er að ganga frá ráðningu matráðs í Reykjahlíðaskóla og hefur sá starfsmaður störf 1. október en leitað er leiða til að brúa bilið þangað til.

Nýlega var auglýst eftir fólki til að sjá um félagsstarf aldraðra næsta vetur. Svanhildur Kristjánsdóttir og Jóhanna Magnea Stefánsdóttir hafa verið ráðnar til starfa í dölunum, en enn vantar starfsmann í Mývatnssveit. Umsóknarfrestur um starfið hefur verið framlengdur til 15. september nk. Öll áhugasöm eru hvött til að sækja um.

### Bakvarðasveit Þingeyjarsveitar

Í sumar var farið í þá nýjung að auglýsa eftir fólki í bakvarðasveit Þingeyjarsveitar. Hugmyndin með bakvarðasveitinni er hafa fólk á skrá sem er tilbúið til að taka að sér ýmis störf til skamms tíma s.s. afleysingar í heimabjónustu, liðveislu sem og afleysingar í stofnunum sveitarfélagsins. Gaman er að segja frá því að viðbrögð við auglýsingunni voru góð en við getum enn bætt fólki á listann því þörfin er reglulega til staðar. Þegar hefur fólk á bakvarðalistanum komið inn í störf hjá sveitarfélaginu og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

### Frístundastyrkir

Í byrjun ágúst voru auglýstir frístundastyrkir Þingeyjarsveitar. Hægt er að sækja um styrk vegna frístundaiðkunar barna og ungmenna til 18 ára aldurs og er upphæðin

allt að 30 þúsund krónur. Styrkur þessi mun án efa nýtast barnafjölskyldum vel. Sótt er um styrkinn á heimasíðu sveitarfélagsins.

## Skólaakstursútboð

Skólaakstursútboð fór fram í sumar og búið er að ganga frá samningum á nínu akstursleiðum á grundvelli útboðsins auk þess eru framlengdir samningar á þremur leiðum. Allir skólabílstjórnarnir eru reyndir í starfi og bílar vel útbúnir.

## Starfsdagur

Nýverið var haldinn sameiginlegur starfsdagur allra stofnana Þingeyjarsveitar. Á starfsdeginum var lagður grunnur að nýrri mannauðsstefnu sveitarfélagsins. Auk þess var fyrirlestur um breytingar en í lok dags komu Vandræðaskáld og slógu á léttu strengi. Starfsdagurinn var vel sóttur en rúmlega 90 manns tóku þátt í honum. Margt gott kom fram í vinnunni sem án efa nýtist vel við gerð mannauðsstefnu Þingeyjarsveitar.

## Landsleikur - almenningsamráð

Fyrir nokkru samþykkti sveitarstjórn þátttöku í verkefni á vegum forsætisráðuneytisins þar sem efnt er til almenningsamráðs um endurheimt vistkerfa og kol-efnisbindingu í þjóðlendum. Samráðið fer að hluta til í gengum leik sem kallast Landsleikur. Hönnun leiksins er á lokametrunum og verður hann kynntur fyrir íbúum sveitarfélagsins fljótlega. Íbúar eru hvattir til þátttöku í leiknum.

## Gígur

Í júlí varð sveitarfélagið formlegur, aðili að Gíg með undirritun samnings við Vatnajökulsþjóðgarð. Með samningnum fær Þingeyjarsveit aðgengi að 6 skrifborðum í skrifstofurými Gígs, auk aðgengis að næðisrýmum, fundaherbergjum og sameiginlegri kaffistofu. Sveitarfélagið fékk styrk úr byggðaáætlun til að þróa starfsemi sína í Gíg en nú þegar eru þrjú rými komin í notkun.

## Fundadagatal og viðtalstímar sveitarstjórnarfulltrúa

Nú hefur fundadagatal sveitarstjórnar verið samþykkt og er aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins. Auk funda sveitarstjórnar og fastanefnda er þar að finna upplýsingar um fasta viðtalstíma sveitarstjórnarfulltrúa, sem er nýjung. Fulltrúarnir skipta með sér mánaðarlegum viðtalstímum, verða til skiptis í Reykjavíð, Ýdölum og í Stórutjarnaskóla. Nú þegar hafa sveitarstjórnarfulltrúar haft viðtalstíma í Reykjavíð og Ýdölum sem voru ágætlega sóttir. Hvetjum við íbúa til að nýta sér þessa viðtalstíma til að koma ábendingum á framfæri við sveitarstjórn.

## **Viðvera starfsmanna í Reykjahlíð**

Í vetur munu starfsmenn sveitarfélagsins hafa reglulega viðveru á skrifstofu Þingeyjarsveitar að Hlíðarvegi 6 Reykjahlíð. Í september verða eftirtaldir starfsmenn með viðveru:

### **Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri**

6., 13., 19 og 27. september frá kl. 9-16

### **Atli Steinn Sveinbjörnsson skipulagsfulltrúi**

12., 19., og 26., september frá kl. 9-16

### **Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi**

12., 19., og 26., september frá kl. 9-16

### **Ásta F. Flosadóttir verkefnastjóri fjölskyldumála**

6., 13. og 27. september frá kl. 9-16

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi.

Beiðni um viðtalstíma sendist á netfangið:

[thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)

Eins og margoft hefur komið fram eru verkefnið ærin í kjölfar sameiningar og skrifstofur sveitarfélagsins verið verulega undirmannaðar þar til nú. Íbúum eru færðar þakkir fyrir þolinmæði og skilning á því „hökti“ sem óhjákvæmilega hefur orðið vart við í stjórnsýslunni þrátt fyrir það öfluga starfsfólk sem hefur staðið vaktina frá kosningum og á miklar þakkir skildar.

Lýk þessu mínunum að þessu sinni með ljóði eftir Braga Ólafsson.

### ***Haustið, hvílikur léttir!***

*Árstíðin sem ekur í veg fyrir skóginn  
sú sem leggur þér skæri í hönd  
og pappír.*

*Sú sem ég þekki best  
skólataskan sem ilmar  
af bókum um allt sem er liðið  
af leðri og gljáandi epli  
og kveðju að heiman.  
Njótið haustsins!*

**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.**

## Umsjón með félagsheimili Þingeyjarsveit leitar að umsjónaraðila með Þinghúsinu á Breiðumýri.

### Almennt:

Umsjónaraðili félagsheimilis er verktaki og starfar samkvæmt verk-samningi við Þingeyjarsveit.

### Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegri umsjón með húsnæðinu og búnaði þess
- Minni viðhaldsverkefni og smáviðgerðir ásamt umhirðu lóðar
- Móttaka leigutaka vegna viðburða og upplýsingagjöf til þeirra varðandi umgengni, frágang og aðrar kröfur skv. leigusamningi.
- Þrif eftir fundi og minni viðburði þar sem ekki er boðið upp á mat/veitingar.
- Gerir tillögur að hefðbundnu viðhaldi og endurbótum á húsi og búnaði.
- Önnur tilfallandi störf

### Hæfniskröfur:

- Góð þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði og skipuleg vinnubrögð
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af umsjón fasteigna er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 14. september. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá. Umsóknum skal skilað á netfangið [umsok-nir@thingeyjarsveit.is](mailto:umsok-nir@thingeyjarsveit.is). Frekari upplýsingar um starfið veitir sveitarstjóri, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir í síma 512 1800.



## **Stórutjarnaskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir leikskólakennara/leikskólastarfsmanni í afleysingu í leikskóladeild í 70-75% starf sem:**

- ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim
- hefur góða samskiptahæfni og metnað til að takast á við fjölbreytt verkefni með nemendum.
- er jákvæður og sveigjanlegur
- er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir frumkvæði
- er samstarfsfús og lausnamiðaður
- er með menntun sem nýtist í starfi
- getur hafið störf sem fyrst

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði og er samrekin leik- grunn- og tónlistarskóli með um 40 nemendur frá eins árs til 16 ára aldurs. Öll starfsemi skólans er í sama húsnæði. Skólinn er Grænfánaskóli og Heil-sueflandiskóli og leggur áherslu á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem eflir alhliða heilsu og þroska. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólans og er skólinn í góðu samstarfi við nágrennaskóla sína og samfélagið í sveitinni.

Umsóknarfrestur er til 10. september 2023 og eru áhugasamir hvattir til að hafa samband í síma 4643220/8483547 eða í gegnum netfangið [birnada@storutjarnaskoli.is](mailto:birnada@storutjarnaskoli.is) vegna frekari upplýsinga.

Umsóknir skulu sendar á netfangið [birnada@storutjarnaskoli.is](mailto:birnada@storutjarnaskoli.is) Umsókninni þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi. Gerðar eru kröfur um hreint sakavottorð.



**Föst viðvera starfsmanna Þingeyjarsveitar í Reykjalíð.**

Eftirtaldir starfsmenn verða á skrifstofu Þingeyjarsveitar að Hlíðarvegi 6 Reykjalíð, eftirtalda daga í september.

**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri**

6., 13., 19 og 27. september frá kl. 9-16

**Atli Steinn Sveinbjörnsson skipulagsfulltrúi**

12., 19., og 26., september frá kl. 9-16

**Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi**

12., 19., og 26., september frá kl. 9-16

**Ásta F. Flosadóttir verkefnastjóri fjölskyldumála**

6., 13. og 27. september frá kl. 9-16

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi.

Beiðni um viðtalstíma sendist á netfangið: [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)

Sveitarstjóri.

## **Þingeyingar og tenging við náttúruna**

Í Skjólbrekku, þriðjudaginn 12. sept. kl. 17, kynna namar á vegum Huldu náttúruhugvísindaseturs og SMN, viðtalsverkefni sem unnið var að í sumar og haust. Þau Myrra Leifsdóttir, Þorsteinn Þór Jónsson, Sýlvía Jónsdóttir og Kjartan Magnússon tóku viðtöl við heimafólk þar sem kannað var viðhorf til náttúrunnar, hálendisins og rannsókna í héraði.

Sagt verður frá verkefninu og helstu niðurstöðum og að því loknu verður spjall á léttum nótum.

Við vonum að sem flestir komi og kynni sér Huldu og verkefnin sem unnið er að.

Viðburðurinn er hluti af brúar kvöldum sem er röð samverustunda þar sem fræðimenn og heimamenn kynna störf sín s.s. rannsóknir, gagnaöflun og skrif. Viðburðurinn er styrktur af SSNE.